Mat Þjóðhagsstofnunar á áhrifum BSRB-samningsins:

Launaútgjöld 450 milljónir umfram fjárlögin

Fiskvinnsla og veiðar með 10% halla í lok samningstímans verði almennar launabreytingar í samræmi við BSRB-samninginn

Í SVARI sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara vegna fyrirspurna Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaga um áhrif kjarasamninganna milli ríkis og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Reykjavíkurborgar við starfsmannafélag þess kemur fram að stofnunin telur að launahækkunin frá upphafi til loka samningstímans sé um 9,5% fyrir félaga BSRB og þýði 8,5% hækkun verði almennar launahækkanir hliðstæðar þeim samningi.

Í svari Þjóðhagsstofnunar við spurningu vinnuveitenda um mat á hækkun launa í prósentum frá upphafi til loka samningstíma kemur einnig fram að ýmiss ákvæði séu í samningnum, svo sem um rýmkun á barnsburðarleyfum, veikindaforföllum og um ráðningarform sem hún telur sig þó ekki hafa tök á að leggja mat á en telur ekki um verulegar fjárhæðir sé þar að tefla.

Í svari við spurningu um mat á útgjaldauka ríkisins vegna samninganna ef hliðstæð hækkun gengur á öll launaútgjöld ríksins kemur fram að Þjóðhagsstofnun telur þau munu hækka um nálægt 450 milljónir umfram fjárlög fyrir 1989.


Þjóðhagsstofnun er einnig beðin um mat á rekstrarafkomu sjávarútvegs og hvernig launabreytingar á borð við þær sem BSRB-samninguriinn felur í sér geti komið fram í rekstrarafkomu fiskvinnslunnar. Í svari sínu segir Þjóðhagsstofnun að miðað við afkomuna án verðbóta á freðfisk og sérstakri endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts séu veiðarnar reknar með 4,5% halla og vinnslan með 3,5% halla og sameiginlega séu því veiðar og vinnsla reknar með 5,5% halla. Miðað við 4% hækkun launa er áætlað að afkoma greinanna tveggja verði í júnímánuði eftir að fyrstu áhrifa kjarasamninganna tekur að gæta þannig að þær verði reknar með 7,5% halla. Miðað við 9,5% hækkun launa eða eins og áætlað er að BSRB-laun hækki til nóvemberloka, þá hefur afkoma veiða og vinnslu enn versnað á þann veg í lok samningstímans yrði hallinn um 10%. (Sjá töflu).

Einnig er spurt hvað afurðaverð erlendis þurfi að hækka mikið til að jafnvægi náist í rekstri fiskvinnslu við framangreind skilyrði og óbreytt gengi krónunnar, svo og hversu mikla gengibreytingu þyrfti ef ekki kæmi til hækkanir á afurðaverði. Þjóðhagsstofnun svarar því til að almenn hækkun markaðsverðs botnfisksafurða um 1% leiði til afkomubata um tæpt prósent í frystingu og um hálft prósent í söltun, sem stafi af því að hækkun salfiskverðs dragi úr greiðslum verðbóta úr verðjöfnunarsjóði. Í þessu felist því að 1% hækkun afurðaverðs leiði til þess að afkoma fiskvinnslu batni um 0,7% auk þess sem hægar gangi á eignir verðjöfnunarsjóðs. Lækkun á gengi krónunnar um 1% leiðir hins vegar til þess að afkoma fiskvinnslunar batnar um tæpa þrjá fjórðu úr prósenti og er þá reiknað með hækkun erlendra aðfanga vegna gengislækkunarinnar.

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum, m.v. 6% ávöxtun stofnfjár

	Grunndæmi Með verðbótum á freðfisk	Dæmi 1 Án verðbóta á freðfisk	Dæmi 2 Án verðbóta á freðfisk	Dæmi 3 Án verðbóta á freðfisk
	%	%	%	%
Veiðar og vinnsla	÷3	÷5½	÷7½	÷10
Veiðar	÷4½	÷4½	÷5½	÷7
Vinnsla	÷½	÷3½	÷5	÷7
Frysting	÷2	÷7	÷8½	÷10½
Söltun	2	1½	½	÷1

Taflan sýnir mat Þjóðhagsstofnunar á áhrifum BSRB-samninganna á afkomu veiða og vinnslu gangi þeir yfir allan vinnumarkaðinn. Fremsti dálkur sýnir ástandið nú en sá næsti afkomuna eftir að verðbótum og endurgreiðslum uppsafnaðs söluskatts lýkur. Í dæmi 2 sést afkoman eftir að fram er komin 4% hækkun launa eftir að fyrstu áhrifa kjarasamninganna gætir í júnímánuði og 3 dæmið ástandið undir lok samningstíman þegar launahækkunin er öll komin fram.



Morgunblaðið/Sverrir

Einar G. Baldvinsson verður heiðursgestur á sýningu Listmálarafélagsins.

Listmálarafélagið sýnir á Kjarvalsstöðum:

Ekki alltaf hægt að hjakka í sama fari

–segir Einar Baldvinsson, heiðursgestur sýningarinnar

FIMMTÁN listmálarar af liðlega tuttugu í Listmálarafélaginu opna samsýningu í vestursal Kjarvalsstaða í dag klukkan 14.00. Listmálarafélagið var formlega stofnað árið 1982 og hefur það síðan sýnt reglulega. Þeir listmálarar, sem nú sýna, eru: Ágúst F. Petersen, Benedikt Gunnarsson, Björn Birnir, Bragi Ásgeirsson, Elías B. Halldórsson, Einar Hákonarson, Einar Þorláksson, Einar G. Baldvinsson, Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Pétur Már Pétursson og Sigurður Sigurðsson.

Heiðursgestur sýningarinnar er Einar G. Baldvinsson, sem verður 70 ára þann 8. desember nk. Blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við Einar þegar hann var að koma myndunum sínum fyrir á veggjum Kjarvalsstaða nú í vikunni. „Ég hef líklega fengið áhugann á málaralistinni 10 ára gamall. Eldri bróðir minn var þá í iðnskóla og var mjög flinkur í teikningu. Ég fór þá að sækja málverkasýningar hjá ungum listamönnum, sem þá voru að stíga sín fyrstu skref á listabrautinni, svo sem Snorri Arinbjarnar, Jóhann Briem, Þorvaldur Skúlason og fleiri slíkir. Þessar sýningar höfðu geysilega mikil áhrif á mig og eitthvert undarlegt aðdráttarafl."

Eftir barnaskólanám fór Einar í héraðsskóla á Laugarvatni vetrarlangt og síðan var hann fjögur ár í Iðnskólanum, sem þá var kvöldskóli. Með Iðnskólanum fór hann að stunda Handíða- og myndlistarskólann og lauk hann þar námi árið 1945 undir leiðsögn Þorvaldar Skúlasonar og Kurts Zier. Þá fékk Einar inni í Kunstakademíunni í Kaupmannahöfn þar sem hann var frá 1946-50.

Eftir heimkomuna kenndi Einar teikningu við Kennaraskólann og Gagnfræðaskóla Vesturbæjar. „Ég kom mér upp smá húsnæði inn í Laugarnesi og fluttist þangað árið 1950. Ég hef unnið ýmisleg störf um ævina, var til dæmis við höfnina hjá Eimskip og fékkst síðan við almenna húsamálun. Maður varð jú að vinna fyrir sér í þá daga. Menn lifðu ekki aldeilis af listinni einni saman. Ég var í Laugarnesinu til ársins 1969, en þá útvegaði ágætur maður mér risíbúð vestur í bæ og þar hef ég búið síðan og unað mér ágætlega. Þá gat ég fyrst farið að gera eitthvað að viti. Þá gat ég fyrst farið að mála í alvöru," sagði Einar.

„Flestar myndanna eru einskonar sjávarlífsmyndir enda hef ég haft gaman af svoleiðis mótívum. Ég var í abstraktinni fyrir um 20 til 30 árum og langar mikið til að fara út í hana aftur á meðan ég bý við sæmilega heilsu. Það er ekki alltaf hægt að hjakka í sama farinu," segir Einar.

Þórarinn V. Þórarinsson um niðurstöðuna:

Kemur mér ekkert á óvart

„ÞESSAR niðurstöður koma því miður ekki á óvart," segir Þórarinn V. Þórarinsson framkvæmdastjóri VSÍ. „Í fyrsta lagi er það orðið bert að launasamningar ríkisins við BSRB eru ekki innan ramma fjárlaga eins og fjármálaráðherra hefur stöðugt hamast á. Þar munar um hálfum milljarði króna. Í annan stað liggur það fyrir samkvæmt þessum gögnum að ef þessar launahækkanir gengju yfir fiskvinnsluna þá mundu þær setja veiðar og vinnslu úr því sem er í reynd í dag fimm og hálft prósent tap, sem þó er niðurgreitt um eitthvað tvö og hálft, í tíu prósent halla."

„Skilaboðin frá ríkisstjórninni sem marka efnahagsramann eru dulítið misvísandi þessa dagana. Annars vegar segir fjármálaráðherra að atvinnurekendur hljóti að haga samningum sínum við launafólk í samræmi við sitt bú, sem þýðir í reynd það, að við ættum að ganga til verkalýðsfélaganna og kalla eftir launalækkun. En hins vegar segir forsætisráðherrann á fundi í Kópavogi í gær, að augljóslega hljóti þessi launahækkun að verða að koma til framkvæmda á almennum vinnumarkaði," sagði Þórarinn.

Ásmundur Stefánsson:

Gengisfelling er ekki eina lausnin

„ÞAÐ LIGGUR fyrir nýleg úttekt Þjóðhagsstofnunar á stöðu sjávarútvegs. Þessi nýja skýrsla er í meginatriðum útfærsla á þeirri áætlun. Það er þessvegna fátt nýtt í henni og getur hún því tæplega komið mjög á óvart. Það hefur áður verið staðfest að sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir erfiðleikum en hins vegar er rétt að árétta að stórfelld gengisfelling er ekki eina lausnin," sagði Ásmundur Stefánsson forseti Alþýðusambands Íslands um skýrslu Þjóðhagsstofnunar um samninga BSRB og ríkisins.

Ásmundur taldi að ekki væri ágreiningur á milli forystu ASÍ og vinnuveitenda að kauphækkanir til ASÍ-fólks gætu ekki orðið minni en fólk innan BSRB fengi. „Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að atvinnurekendur bregðist við á þann hátt að hefja samningaviðræður við okkur enda er ákveðinnar þreytu farið að gæta í okkar röðum." Bjóst Ásmundur við að samningaviðræður hæfust um eða strax eftir helgina. „Ef þær viðræður skila ekki fljótlega árangri þá hljóta okkar aðildarfélög að verða að búa sig undir að veita frekari þrýsting," sagði Ásmundur.

Skýrsla utanríkisráðherra:

Æfingar 1000 manna varaliðs verða hér á landi í sumar

– talið nauðsynlegt að hersveitin hljóti þjálfun við íslenskar aðstæður

Í SKÝRSLU um utanríkismál sem Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra lagði fram á Alþingi í gær kemur fram, að í sumar, eftir 17. júní, er fyrirhuguð 1000 manna æfing varaliðs bandaríska landhersins á Íslandi. Til viðbótar verða hér um 200-300 manns úr landher, flugher og flota vegna annarra þátta æfingarinnar og til að fylgjast með henni. Notuð verða um 45 ökutæki á hjólum (ekki beltum), þar á meðal fimm tonna flutningabílar og nýjasta gerð af herjeppum. Æfingarnar fara fram á varnarsvæðum. „Ég tel nauðsynlegt, að hersveitin hljóti þjálfun við íslenskar aðstæður," segir ráðherrann í skýrslu sinni.

Utanríkisráðherra segir, að í ljósi þeirra umræðna, sem orðið hafi á Alþingi um æfingar varaliðs bandaríska landhersins hér á landi, telji hann ástæðu til að gera ítarlega grein fyrir æfingunum. Fyrir tæpum tveimur vikum kom til harðra deilna á Alþingi vegna þessa máls og lýsti Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sig andvígan æfingunum ásamt með stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar í Alþýðubandalaginu. Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra komst þannig að orði, að hann liti á æfingarnar sem „tímaskekkju".

Í skýrslu utanríkisráðherra segir meðal annars um þetta mál:

„Fyrirhugað er að halda „Northern Viking" æfinguna í síðari hluta júní og fyrstu tvo dagana í júlí. Fyrstu sveitirnar koma til landsins eftir 17. júní. Hér er um að ræða venjubundna æfingu á flutningum liðsauka til Íslands. Á þessu ári felst æfingin aðallega í eftirfarandi:

– Æfingu, í smáum stíl þó, allra þriggja stiganna í framkvæmd fyrstu varna á landi. Fyrsta stig er það lið sem er nú þegar í Keflavík, annað stig sá liðsauki sem kemur strax frá Bandaríkjunum og þriðja og lokastigið varalið ARICE [US Army Forces Iceland].

– Allra fyrstu varnir á landi. Um 500 liðsmenn á Keflavíkurflugvelli munu annast þær. Flestir þeirra hafa önnur föst verkefni, en hafa hlotið þjálfun til að annast fyrstu varnir á jörðu niðri.

– Aðstoð og liðsauki við liðsmennina sem annast fyrstu varnirnar. Í æfingunni verða það 240 manns úr stórfylki landhersins (Active Infantry Division) frá Kaliforníu (ekki varalið).

– Sveitir úr varastórliðsfylki ARICE frá Nýja Englandi, sem hafa aðalstöðvar í Massachusetts, munu leysa sveitir landhersins (Active Infantry Dvision) af hólmi á þremur dögum, þótt í æfingunni sé látið svo sem það eigi að gerast á mun lengri tíma. Fastasveitin, sem er framvarðasveit, setur einnig á svið flutnings til annars staðar og dregur sig síðan til baka.

– Auk þess verður æfð þjálfun sjúkraliðs og þar verða m.a. notaðar þrjár litlar sjúkraþyrlur.

– Nauðsynleg fjarskipti verða einnig æfð."